

Tillögur stjórnar**Aðalfundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.****29. apríl 2014****Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. leggur fram eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund félagsins:****Dagskráriður 2. – Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár með athugasemdum endurskoðenda lagður fram til staðfestingar****Tillaga:** Fyrirliggjandi ársreikningur fyrir árið 2013 verði samþykktur.**Dagskráriður 3. – Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varasjóð****Tillaga:** Ekki verði greiddur arður en hagnaður verði færður til óráðstafaðs eigin fjár**Dagskráriður 4. – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram****Tillaga um starfskjarastefnu sem stjórn samþykkti á fundi sínum 25. mars 2014:****Tilgangur**

Stefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk.

Umfang

Nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess. Starfskjaranefnd er skipuð stjórn félagsins.

Stefna

Stefna þessi er lögð fram á aðalfundi 29. apríl 2014.

Markmið

Starfskjarastefna Sjóvá - Almennra trygginga hf. miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir jafnréttisstefnu félagsins.

Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsá á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundí ásamt röksemendum.

Starfskjör annara æðstu stjórnenda

Starfskjör annara æðstu stjórnenda skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem tiltekin eru sömu atriði og tekið mið af sjónarmiðum sem koma fram í ráðningarsamningi forstjóra, eftir því sem við á.

Starfskjör annarra starfsmanna

Starfskjör annarra starfsmanna félagsins skulu ákveðin í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

Upplýsingagjöf og frávik frá starfskjarastefnu

Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins. Frávik frá starfskjarastefnu skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

Hvatakerfi

Fyrirhugað er að koma á árangurstengdu launakerfi fyrir starfsmenn. Kerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um slík kerfi hjá fjármálafyrirtækjum. Tillögur að slíku kerfi og tilheyrandi breytingum á starfskjarastefnu skulu lagðar fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Dagskráliður 5. – Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Tillaga: Ekki er gerð tillaga um breytingu á samþykktum félagsins

Dagskráliður 6. – Kosning stjórnar félagsins

Framboðsfrestur vegna kosningar til stjórnar félagsins rennur út fimm sólarhringum fyrir aðalfund. Þeir sem hyggjast bjóða sig fram skulu tilkynna það stjórn félagsins (stjorn@sjova.is) á eyðublaði sem nálgast má hjá félaginu og á heimasíðu þess sjova.is/adalfundur. Stjórnarmenn félagsins skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi, eftir því sem við á. Tveimur dögum fyrir aðalfund skal liggja fyrir mat á hæfi frambjóðenda og upplýsingar um frambjóðendur liggja fyrir hluthöfum til sýnis á skrifstofu og heimasíðu félagsins.

Dagskráliður 7. – Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Tillaga: Deloitte ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins til fimm ára á aðalfundi félagsins 21. mars 2013, í samræmi 4. mgr. 57. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Samkvæmt sama lagaákvæði verður kjörnum endurskoðanda eingöngu vikið frá innan þess kjörtímabils að fengnu áliði endurskoðendaráðs. Þar sem 5 ára kjörtímabili Deloitte er ekki lokið er það tillaga stjórnar að kjör endurskoðanda fari ekki fram að þessu sinni.

Dagskráliður 8. – Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins

Tillaga: Stjórnarlaun verði óbreytt frá fyrra ári. Stjórnarmenn fái kr. 250.000 á mánuði og stjórnarmaður tvöfalta þá fjárhæð. Hverjum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 250.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000 fyrir hvern fund sem hann situr.